

Nd.

389. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglínga til sundnáms.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Í bæjar- og sveitarfjelögum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal sundið vera skyldunám öllum heimilisföstum unglíngum frá 12—16 ára, alt að 4 mánuðum samtals. Undanþegnir þessari skyldu eru þó þeir, sem sæmilega eru syndir, að dómi sundkennara, og þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.
2. Við 2. gr. Greinin fellur burt.
3. Við 3. gr. Stjórnarráðið setur reglugerð um sundnám, og má þar ákveða sektir fyrir brot gegn henni.
4. Fyrirsögn verður: Frumvarp til laga um sundnámsskyldu unglínga.